

Sjóvarnir endurnýjaðar við Ólafsbraut



Verktakafyrirtækið Flakkarinn ehf. frá Brjánslæk vinnur þessa dagana að endurröðun á sjóvarnagarði við Ólafsbraut, um er að ræða 513 metra garð sem var farinn að síga og því þurfti að endurraða honum til að hann nái að gegna hlutverki sínu við að verja veginn fyrir ágangi sjávar.

Alls er um að ræða um 14 þúsund rúmmetra af grjóti og kjarna sem ýmist er endurunið úr gamla garðinum eða fengið úr námu við Rif.

Vinna við garðinn er hluti af útboði þar sem boðið var út bygging sjóvarna við Ólafsbrautina en einnig við Ennisbraut og á

Hellnum, samtals er það um 720 metrar af gördum og eru verklok

við heildarverkið áætluð 30. september í haust.

JÓ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Tvö skemmtiferðaskip í einu í Grundarfirði



Skemmtiferðaskip eru tíðir gestir í Grundarfjarðarhöfn en ekki er algengt að tvö skip komi í höfn á sama tíma. Mánudaginn 12. júní blasti falleg sjón við þegar tvö skip lögðust við festar í Grundarfirði. Um var að ræða Le Bellot annars vegar og Sky Princess hins vegar. Le Bellot er 130 metra og 7 hæða franskt skip í sjö daga hringferð um Ísland. Sky Princess er öllu stærra skip en það er 330 metrar að lengd og 66 metrar að hæð eða 19 hæðir. Skipið tekur 3660 gesti auk þess sem þar vinna 1346 starfsmenn, á Le Bellot eru farþegar og áhöfn um 300. Íbúar Grundarfjarðar voru 861 þann 1. janúar og má því segja að mannfjöldinn hafi sexfaldast í Grundar-



firði á meðan á heimsókn skipanna stóð.

Sky Princess er frá Bermuda og er á 14 daga ferðalagi um Bretlandseyjar og Ísland. Meðfylgjandi myndir tók Sverrir Karlsson af skipunum á mánudaginn.

SJ

Verkfalli starfsmanna í BSRB lokið

Verkföll starfsmanna BSRB hafa haft talsverð áhrif á fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga undanfarnar vikur í Snæfellsbæ og Grundarfirði. Starfsemi leikskóla hefur verið skert, sundlaugar verið lokaðar, starfsemi ráðhúsa hefur verið takmörkuð og áhaldahús og vinnuskóli Snæ-

fellsbæjar hefur ekki verið starfandi. Verkföllin hafa staðið yfir síðan 5. júní en um liðna helgi náðust samningar á milli BSRB og Samtaka íslenskra sveitarfélaga. Starfsemi þeirra stofnana sem verkfallið hafði áhrif á, hefur því nú hafist að nýju.

JJ

Auglýsingaverð í Jökli

Heilsíða	35.000 +vsk
Hálfsíða.	25.000 +vsk
1/4 úr síðu	15.323 +vsk
1/8 úr síðu	12.500 +vsk
1/16 úr síðu	10.081 +vsk



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.


Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson


Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617

UMFÍ

BLANDA AF ÍPRÓTTAKEPPNI ALMENNRI
HREYFINGU OG GLEÐI FYRIR 50 ÁRA OG ELÐRI.

**LANDSMÓT
UMFÍ 50+**

**STYKKISHÓLMI
23.-25. JÚNÍ**

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
HÉRAÐSSAMBAND SNÆFELLSNESS OG HNAPPADALSSÝSLU
SVEITARFÉLAGIÐ STYKKISHÓLMUR

HSH

ALLT UM MÓTIÐ
UMFI.IS

Ólafsvíkurvaka helgina 29. júní til 2. júlí

Nú styttest óðum í Ólafsvíkurvöku en hún verður haldin helgina 29. júní-2. júlí næstkomandi. Skipulagsnefnd hátíðarinnar hefur setið sveitt við undirbúning og má búast við glæsilegri dagskrá yfir helgina. Allir aldurshópar ættu að finna sér eitthvað við sitt hæfi vegna þess að íþrótaálfurinn mætir, það verður silent diskó, golf mót og búast má við glæsi-

legum tónlistarmönnum. Mótorkross klúbburinn verður með sýningu í fjörunni og er það viðburður sem enginn má missa af. Er þetta aðeins brot af dagskránni fyrir helgina. Nefndin hvetur bæjarbúa til að huga að skemmtariðum fyrir hverfin í tíma og að skreytingum.

JJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED
SUSTAINABLE
SEAFOOD
MSC
www.msc.org

Brimilsvallakirkja 100 ára

Brimilsvallakirkja verður 100 ára á þessu ári. Kirkjan var vígð fyrsta vetrardag 28. október 1923, þann sama dag, vetrardaginn fyrsta eða 28. Október 2023 stendur til að fagna 100 ára afmæli hennar með hátíðarmessu og kaffisamsæti á eftir. Kirkjan er hefðbundin íslensk sveitakirkja, svipsterk í einfaldleika sínum og hæfir umhverfi hennar vel. Hún

er í ágætis ásigkomulagi miðað við aldur, en það stendur til að gera ýmsar lagfæringar á kirkjunni sem eru nauðsynlegar. Einnig á að mála hana og þakið í sumar að utan í tilefni af aldarafmælinu. Ef þig langar að styrkja þau verkefni tengd viðhald kirkjunnar er velkomið að leggja upphæð að eigin vali inn á reikninginn hennar:



Kt.: 480169-4099
Rkn.: 0190 – 15 - 10070
(Margt smátt gerir eitt stórt!)

Þegar árið 1355 er þess getið í Fróðármáldaga að hér á Brimilsvöllum mun þá hafa verið bænahús og einnig hálfkirkja í Mávalíð. Á stærstu jörðum og höfudbýlum risu snemma bænahús til þess að halda heima á staðnum tíundum sem annars þurfti að greiðast til kirkna á öðrum jörðum. Svona runnu greiðslurnar til bóndans sem tók um leið að sér að greiða prestum og annast viðhald kirkjunnar. ⁽¹⁾

Brimilsvellir verða snemma þéttbýlt pláss, ábyggilega þegar á 15. öld. Í manntalinu frá 1703 kemur fram að á Brimilsvöllum eru þá 28 fjölskyldukjarnar eða um 140 manns. Brimilsvellir eru þá fjölmennasti staður í Fróðárhreppi og næst flestir voru íbúarnir í Ólafsvík eða um 16 fjölskyldukjarnar. ⁽¹⁾

Þegar kirkjan á Fróðá var flutt til Ólafsvíkur 1892 urðu miklar deilur. Vegalengdin til kirkju yfir

óbrúaðar ár hefur örugglega verið eitt af áhyggjuefni Fróðhreppinga. Deilunum lauk með því að árið 1915 var Fróðársókn skipt og messað í félagsheimilinu á Brimilsvöllum þar til nýja kirkjan var vígð þar. Þá voru 140 manns í sókninni. ⁽¹⁾

Árið 1994 voru söfnuðir aftur sameinaðir og kirkjan þá skilgreind sem graftarkirkja.

Undanfarin ár hafa verið að jafnaði þrjár messur á ári verið haldin í kirkjunni, hestamannamessa að vori til, uppskerumessa í lok águst og ljósamessa að kvöldi jóladags. Þá er kirkjan einungis lýst upp með lifandi kertaljósi og er það ávallt einstaklega notaleg og jólaleg stund. Brimilsvallakirkja er lifandi, falleg kirkja sem mörgum þykir vænt um, megi hún vera önnur 100 ára til sóma í sveitinni.

Afmelisnefnd Brimilsvallakirkju.
V.O.

⁽¹⁾ Heimild: Sjávarbyggð undir jökli „ Saga Fróðárhrepps“ Eiríkur Guðmundsson, Jón Árni Friðjónsson og Ólafur Ágeirsson.

DVALAR OG HJÚKRUNARHEIMILID

Fellaskjól

Matráður/kokkur óskast á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Fellaskjól

Matráður hefur umsjón með eldhúsi, sér um matseld, innkaup á matvöru og bakstur. Um er að ræða lítið dvalarheimili og er því lögð áhersla á að maturinn sé hollur og heimilislegur.

Hæfniskröfur:

- Hreinlæti og snyrtimenska í samræmi við reglugerðir heilbrigðiseftirlits.
- Góð þekking á eldamennsku og reynsla af vinnu í eldhúsi eða mótuneyti er mikill kostur
- Samstarfsvilji og sveigjanleiki

Umsóknarfrestur 15. júlí

Frekari upplýsingar er hægt að fá í gegnum vefpóst fellaskjol@simnet.is

Head cook wanted for Fellaskjól reathome

Responsibilities include cooking, baking, overseeing the kitchen and ordering food and supplies. Its a small home so the main focus is on healthy homestyle food.

Skills:

- Workplace cooperation and flexibility
- Cleanliness and organisation complying with latest health and safety regulations
- Experience with food preparation and previous kitchen work is an advantage.

Applications due before July 15th

More information available through email: fellaskjol@simnet.is

Fellaskjól sækist einnig eftir afleysingarstarmanni í aðhlyningu í júlí og ágúst með möguleika á fullu starfi með haustinu.



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Borað fyrir varmadælu í Grundarfirði



Um þessar mundir standa yfir framkvæmdir við skóla- og íþróttamannvirki Grundarfjarðarbæjar þar sem bæjarfélagið stefnir á að hætta að kynda þessar stofnanir með olíu og skipta yfir í varmadælu. Þann 7. júní hófst fyrirtækið Borlausnir handa við að bora fyrstu varmadæluholuna sunnanmegin við íþróttahús og sundlaug Grundarfjarðar. Ætlað er að borað verði 8 til 10 holur og hver fer niður í rúmlega 200 metra dýpi. Þegar holan hefur verið boruð er hún látin standa í 24 klukkustundir og svo er hún blásin og hitastig í henni mælt.

Á Facebooksíðu Grundarfjarðarbæjar eru settar inn reglulegar uppfærslur af framkvæmdinni og þar segir að á fyrstu holu hafi byrjað að koma vatn á 52 metra dýpi, vatnsmagn í holunni var um 5 til 6 lítrar og var borað niður á 222 metra dýpi. Frumniðurstöður mælinga um berghita í holunni lofuðu góðu og voru í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Vikuna 12. til 16. júní verða gerðar frekari rannsóknir á fyrstu borholunni og hitastigið mælt auk þess sem undirbúið verður borun á holu tvö.

SJ

Endurmat á jafnlaunavottun kemur vel út



Snæfellsbær hlaut jafnlaunavottun í júní 2022 og til að viðhalda vottuninni þarf að gera launagreiningu á sveitarfélaginu árlega. Ytri aðili tekur þá út jafnlaunakerfið með því að rýna í föst laun starfsfólks Snæfellsbæjar eftir kyni og starfshópum. Gengið er út frá föstum launum þetta sem eru á launaskrá og er miðað við 100% starf og fastar aukagreiðslur, svo sem fasta yfirvinnu og bifreiðagreiðslur. Stjórnendur, starfsmenn í fæðingarorlofi og starfsmenn sem eru hættir störfum en eru enn á launaskrá því uppgjöri er ekki lokið eru ekki hluti af þessari greiningu. 161 starfsmenn Snæfellsbæjar eru í launagreiningunni, þar af 136 konur og 25 karlar. Óleið-

réttur launamunur er 17%, þá eru konur með lægri laun en karlar hjá Snæfellsbæ. Þegar föst laun karla og kvenna eru borin saman að teknu tilliti til starfaldurs eru konur með að meðaltali 1,6% lægri laun en karlar. Í fyrra voru konur 2,9% lægri í launum svo bilið hefur minnkad um 1,3%. Snæfellsbær setti sér það markmið eftir launagreininguna í fyrra að óútskýrður launamunur karla og kvenna yrði ekki hærri en 2,5% en markmiðið með jafnlaunavottun er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

SJ

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.

Upplýsingar um auglýsingaverð á www.steinprent.is



Rökin fyrir frjálsum handfæraveiðum



Strandveiðitímabilið hófst 2. maí sl. í fimmtánda sinn frá því strandveiðum var komið á í núverandi mynd. Einungis 10.000 tonn af þorski eru í strandveiðipottinum á veiðitímabilinu sem stendur í 48 daga frá maí til ágúst. Líklegt er að veiðum verði hætt fyrr og veiðidagar verði færri 48 vegna skorts á aflaheimildum. hlutfall strandveiða af leyfilegum heildar-afli þorsks nemur tæpum fimm prósentum.

Strandveiðar þó takmarkaðar séu hafa sannað gildi sitt. Þær eru hagkvæmar og hafa reynst vel fyrir hinar dreifðu sjávarbyggðir og yfir sumartímenn hleypt auknu lífi í brothættar byggðir víða um land. Auk þessa gefið fjölbreyttum hópi sjómanna atvinnufrelsi og tækifæri til handfæraveiða.

Smábátaútgærd hefur spornað gegn samþjöppun og komið í veg fyrir að fjölbreyttur sjávarútvegur legðist af á landsbyggðinni. Strandveiðar eru umhverfisvænar, þær valda minnstu raski í hafrýminu, hafa minnsta kolefnissporið og hámarka verðmæti aflans.

Markmið fiskveiðistjórnunarlaganna hafa ekki náðst

Markmið laga um fiskveiðistjórnun er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Kvótakerfinu var komið á til þess að vernda íslenska fiskistofna fyrir ofveiði.

Sé litið til markmiðsins um verndun þá hefur árangurinn ekki leitt til uppbyggingar fiskistofna. Kvótakerfinu var komið á fót til bráðabirgða árið 1984. Aflamark í þorski var þá lækkað í 200.000 tonn til að byggja upp þorskstofninn. Það eru sömu veiðiheilmildir og í dag. Hafrannsóknastofnun lagði til að afli fiskveiðiárið 2022/2023 yrði

ekki meira en 208.846 tonn. Mikil nákvæmni það.

Gríðarlegar tæknibreytingar sl. 40 ár hafa einnig leitt til mikillar hagkvæmni. Líklegt er að þær haldi áfram og verða enn hraðari á næstu árum.

Segja má að kvótakerfið hafi einnig leitt til hagkvæmni með samruna fyrirtækja í greininni. Ríkið gerði aldrei kröfu eða skapadi skilyrði fyrir hagræðingu innan greinarinnar fyrir daga kvótans. Árum saman var gengi íslensku krónunnar felld þegar útgerð stóð illa. Útgerðarstjóri fór til þingmanns, sem fór til ráðherra og seðlabankastjóri felldi gengi íslensku krónunnar. Frekar var þjóðin gerð fátækari sem nam gengisfellingunni en krafa væri um hagræðingu. Hún kemur ekki fyrr en með kvótasetningu.

Markmiðin um að tryggja traust atvinnu og byggð í landinu hafa ekki náðst í þeim sjávarbyggðum þar sem kvótageigandi er ekki með útgerð. Staða hinna dreifðu sjávarbyggðanna staðfestir það. Sjávarbyggðum hefur hnignað og íbúum fækkað. Þessi þróun mun halda áfram verði nýtingarréttur sjávarbyggðanna ekki viðurkenndur. Það er viðurkenning á atvinnufrelsi og búseturétti í sjávarbyggðum landsins.

Vissulega hefur fiskeldi styrkt byggð víða sem ný atvinnugrein og er mikilvæg viðbót. Ferðaþjónusta er það einnig yfir sumartímenn og eykur fjölbreytni í atvinnulífi. Það breytir því ekki að sjávarútvegur er sérstaklega mikilvægur fyrir atvinnu og grundvöllur byggðar víða á landsbyggðinni og í sjávarbyggðunum.

Viðurkenna þarf að aflahámarkskerfið hefur hvorki skilað þeim markmiðum sem lög um fiskveiðistjórnun stefna að né þeim árangri sem vonir stóðust til. Einnig þarf að viðurkenna réttmæti gagnrýni á hafrannsóknir og veiðiráðgjöf og gera umbætur.

Strandveiðikerfið tryggir ekki jafnræði og atvinnufrelsi

Núverandi strandveiðikerfið með 48 veiðidögum og litlum aflaheimildum var sett á í kjölfar álits Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna frá 2007. Álitinu sagði að stjórnkerfi fiskveiða bryti á jafnræði borgaranna samkvæmt alþjóðasamningi um borgarleg og

stjórnmalaleg réttindi.

Strandveiðikerfið í núverandi mynd tryggir ekki jafnræði borgaranna. Til þess eru takmarkanir á veiðunum eru of miklar og meiri en nauðsyn krefur. Gæta verður meðalhófs við það ná því markmiði sem stefnt er að, sem er verndun fiskistofna, og réttlæta takmarkanir á atvinnufrelsi. Takmarkanir á atvinnufrelsi þarf að byggja á því að veiðar ógni fiskistofnum. Verndunin þarf að ná til veiðarfæra sem ógna fiskistofnun, ekki þeirra sem ekki ógna þeim. Handfæraveiðar með nokkrum önglum á bát gera það ekki. Þegar kemur að handfæraveiðum gengur skerðingin því lengra en nauðsyn krefur. Handfæraveiðar á smábátum búa einnig við náttúrulegar takmarkanir vegna veðurs og sjólags. Þetta auk lögbundinna frídaga ættu að vera nægar takmarkanir stóran hluta ársins.

Núverandi ríkisstjórn hefur gegnið mjög gegn hagsmunum strandveiða og sjávarbyggðanna. Fyrsta verk sjávarútvegsráðherra VG var reglugerðarbreyting um að skerða þorsveiðiheilmildir til strandveiða sumar 2022. Breytingin var á reglugerð sem hafði tekið gildi í ágúst 2021 - rétt fyrir kosningar - en með henni eru þorsveiðiheilmildir skertar um 1.500 tonn. Aflaheimildir lækkuðu með því úr 10.000 tonnum í 8.500. Byggðakvótinn var einnig lækkaður um 874 tonn, úr 4.500 tonnum í 3.626 tonn. Hér var um umtalsverða skerðingu að ræða, sem fór þvert gegn kosningaloforðum VG í Norðvesturkjördæmi.

Stjórnvöld hafa ekki tryggt strandveiðikerfinu nægjanlegar aflaheimildir til að tryggja 48 veiðidaga. Í fyrra var veiðum hætt 21. júlí sl. vegna skorts á aflaheimildum. Líklegt er að svipað verði upp á teningnum í ár.

Sátt í samræmi markmið við fiskveiðistjórnunarlaganna og réttarvitund almennings

Rétturinn til handfæraveiða er ævafor og á styrka stoð í réttarvitund almennings. Í Jónsbók frá 1281, lögbók Íslendinga í árhundruð, segir „Allir menn eigu at veiða fyrir utan netlög at ósekju.“

Kvótakerfið var sett til verndar fiskistofnum og á því að ná til þeirra veiðiaðferða og veiðarfæra sem ógna fiskistofnunum. Handfæraveiðar með önglum ógna ekki

fiskistofnum og ber því að gefa þær frjálssar. Rökin fyrir núgildandi takmörkun handfæraveiða eru því ekki fyrir hendi og ættu að vera fyrir utan kvótasetningu. Handfæraveiðar gefa góðar upplýsingar um ástand fiskistofna við stendur landsins sem ætti að nýta betur.

Auka þess að ógna ekki fiskistofnun og vera hagkvæmar þá myndu frjálssar handfæraveiðar stuðla mjög að því að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu, líkt og er markmið fiskveiðistjórnarlaganna. Er hér átt við byggð í sjávarbyggðum landsins, sem margar hverjar eru brothættar. Auknar strandveiðar myndu styrkja mjög stóðir hinna dreifðu byggða landsins með sjálfstæðum smáútgærdum, hleypa nýju lífi í hnignandi sjávarbyggðir og styrkja fjölbreytt útgerðarform í sjávarútvegi.

Baráttan fyrir frjálsum handfæraveiðum er réttindabaráttan. Þetta er baráttan fyrir jafnræði og atvinnufrelsi en takmarkanir á atvinnufrelsi mega ekki ganga lengra en nauðsyn krefur. Þetta er einnig baráttan fyrir búseturétti í sjávarbyggðum landsins, sem byggist á atvinnufrelsinu.

Sjávarbyggðirnar hafa byggt tilvist sína á fiskveiðum og aðgengi að fiskimiðunum. Þetta er baráttan fyrir jöfnum búseturétti og rétti íbúa sjávarbyggðanna á landsbyggðinni, þar sem byggð hefur alla tíð byggst á fiskveiðum. Hægt er að tryggja þennan rétt með eflingu strandveiða án þessa að ógna fiskistofnum við landið.

Ef vilji er til að ná sátt um fiskveiðistjórnarkerfið þá mun sú sátt felast í sanngjörnu veiðigjaldi og aðgengi að fiskveiðiauðlindinni með frelsi til handfæraveiða með náttúrulegum og eðlilegum takmörkunum.

Mikilvægt er að koma á breytingum á fiskveiðistjórnarkerfinu í átt að réttlæti fyrir alla þjóðina og allar byggðir landsins sem byggja á jafnræði og atvinnufrelsi. Það verður einungis gert með því að virða rétt almennings til handfæraveiða við Íslandsstrendur.

Eyjólfur Ármannsson

Höfundur er alþingimaður fyrir Flokk fólksins í Norðvesturkjördæmi. eyjolfur.armannsson@althingi.is

Fótbolti í Snæfellsbæ

Haukar úr Hafnarfirði komu hingað á miðvikudaginn í síðustu viku og léku við Víking. Þegar leikurinn hófst var strekkings vindur og mikil rigning, ekki beint veður til að laða að áhorfendur. Heimamenn léku á móti vindi í fyrri hálfleik og geta þakkað markmanninum það að fara inn í hálfleik með stöðuna 0-0, en hann varði vel í tvígang, þegar leikmaður gestanna var kominn einn inn fyrir vörnina. Brynjar gerði síðan góða skiptingu í hálfleiknum þegar Þorsteinn Ragnarss. kom inná en, hann átti snilldar sendingu inn fyrir vörn gestanna snemma í seinni hálfleiknum, sem Khalok kláraði í markið af öryggi. Eftir það tóku heimamenn leikinn yfir og voru mun betri aðillinn. Luis Romero bætti síðan við marki á 66. mínútu og eftir það var aldrei spurning um hvoru megin sigurinn myndi falla. Liðið spilaði þennan leik mjög vel við leiðinda aðstæður, sérstaklega í fyrri hálfleik, og er greinilega að spila sig vel saman og það lofar góðu fyrir lokastöðuna í haust.

Reynir H. fengu lið RB úr Reykjanesbæ í heimsókn á föstudaginn. Leikurinn var í jafnvægi í fyrri hálfleik, en í uppbótartíma hálfleiksins fengu heimamenn á sig tvö mörk á tveim mínútum. Strax í upphafi seinni hálfleiks kom svo þriðja markið frá gestunum. Þetta virtist slá okkar stráka svólíti út af laginu. Stundum er sagt að þriðja markið klári leiki og sannaðist það í þessum leik, því þó svo að heimamenn tækju völdin á vellinum og skoruðu



tvö mörk þá dugði það ekki til því gestirnir bættu við einu á lokamínútunum og endaði leikurinn 2-4 fyrir gestina.

Víkingarnir "skruppu" austur á land og léku við KFA í Fjarðarbyggðahöllinni á laugardaginn. Víkingar mættu ákveðnir til leiks og svólíti gegn gangi leiksins skoruðu heimamenn á 17. mínútu og fóru inn í hálfleik með 1-0 forystu. Seinni hálfleikur var svo svipaður þeim fyrri að því leyti að Víkingar höfðu yfirhöndina, getulega séð, en það eru mörkin sem gilda sem úrslit leiks, og þó að Víkingarnir næðu að jafna leikinn á 77. mínútu í 1-1 með marki frá Mikael, þá dugði það ekki, því okkar menn virtust halda að björninn væri unnin og gættu ekki að sér og fengu á sig tvö mörk í lokin, og endaði leikurinn með sigri heimamanna 3-1. Óþarfa tap, en Víkingur er í fimmta sæti í deildinni, eftir sjö umferðir, en aðeins tvo stig er upp í fyrsta sæti og því tiltölulega lítil og auðveld brekka upp á toppinn.

ÓHS

Réttin hlaðin 19. - 24. júní

Í sumar verður haldið áfram að hlaða upp gömlu réttina í Ólafsvík sem er í landi skógræktarinnar í Ólafsvík.

Hleðslumenn verða við vinnu dagana 19. til 24. júní. Já þetta er rétt, þetta eru réttardagarnir hjá okkur þetta sumarið og vonumst við til að fá aðstoð frá íbúum og öðrum áhugasömum við hleðslu.

Einnig höfum við verkefni við að raka og hreinsa úr dilkunum sem búið er að hlaða því það á eftir að setja nýtt efni yfir það grófa. Hugmynd er um að fólk gæti jafnvel tekið að sér einn dilk til að sjá um. Enn á ný leitum við til ykkar eftir

frjálsum framlögum. Hægt er að leggja inn á reikning í Landsbankanum í Ólafsvík.

Reikningsnr. 190-15-380065 og kennitala Áttahagastofu Snæfellsbæjar 671108-1670. Marínó Mortensen hjá Deloitte er vörslumaður.

Við viljum þakka fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum fyrir stuðninginn undanfarin ár.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Guðrúnu Tryggvadóttur 894-5160, Sölvu Konráðs-syni 894-2832 eða Lydíu Rafnsdóttur 892-5302.



GRUNNSKÓLI SNÆFELLSBÆJAR
SJÁLFTÆÐI - METNADUR - SAMKENND

Grunnskóli Snæfellsbæjar auglýsir lausa stöðu í Ólafsvík

Laus er staða stuðningsfulltrúa við skólann á starfstöðinni í Ólafsvík, í 75% stöðugildi.

Starfsvið starfsmanns:

- Leiðbeinir þeim í samskiptum við aðra nemendur og starfsfólk.
- Vinnur að uppeldi og menntun nemenda.
- Aðstoða nemendur í leik og starfi.
- Ýmis önnur verkefni sem til falla hverju sinni

Menntun, reynsla og hæfni:

- Menntun og reynsla sem nýttist í starfi
- Ríkir samstarfs- og samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð kunnátta í íslensku er skilyrði

Borgað er samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfrestur er til 19. júní,

umsóknareyðublað er á heimasíðu Snæfellsbæjar, <https://snb.is/wp-content/uploads/2013/12/Atvinnuums%C3%B3kn.pdf>

Upplýsingar veitir Hilmar Már Arason skólastjóri í síma 894 9903. Umsóknir skal senda til skólastjóra á netfangið hilmara@gsnb.is.

Grunnskóli Snæfellsbæjar | Ennisbraut 11 | 433 6900 | gsnb.is

Öryggi gangandi vegfarenda aukið



Ný gangbraut hefur verið sett upp við Ólafsbraut en hingað til hefur engin gangbraut verið á aðalgötunni austan við þá sem stendur við gatnamót Grundarbrautar. Í síðustu viku máluðu starfsmenn Vegagerðarinnar nýja gangbraut við enda Ólafsbraut-

ar 55 og settu niður skilti beggja megin við aðalgötuna. Með tilkomu nýrrar gangbrautar er öryggi gangandi vegfarenda aukið til muna á austurhluta Ólafsbrautar auk þess sem aðgengi yfir aðalgötuna er orðið betra.

SJ



*Hæ, hó, jibbi, jei og jibbi jei,
það er kominn 17. júní*



17. júní í Snæfellsbæ

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní verður haldinn hátíðlegur í Snæfellsbæ.

Allir ættu að geta fundið skemmtun við hæfi og eru íbúar hvattir til að gera sér glaðan dag með fjölskyldu og vinum.

8:00 Íslenski fáninn dreginn að húni

10:00 Landsbankahlaup

Hefst við Landsbankann í Ólafsvík.
Öllum velkomið að taka þátt. Hlaupið 0,5 - 3,5
km. Ís í boði að loknu hlaupi.

11:00 Opið hús í reiðhöllinni

Hesteigendafélagið Hringur teymir undir
börnum frá kl. 11:00 - 12:30.

11:45 Skrúðganga

Skrúðganga frá íþróttahúsi að Sjómannagarði.
Andlitsmálning, nammi og blöðrusala á
vegum Unglingadeildar Drekans.

12:00 Hátíðardagskrá í Sjómannagarði

Kynnir: Tinna Ýr Gunnarsdóttir
Setning: Vilborg Lilja Stefánsdóttir
Ávarp fjallkonu
Helgistund: Sr. Ægir Örn Sveinsson
Ræða nýstúdents
Tónlistaratriði: Garðar Kristjánsson og
Sigurður Ragnar Haraldsson

14:00 Ólafsvíkurvöllur

Hoppukastalarar og fjör fyrir krakkana.
Ungmennafélagið Víkingur/Reynir grillar
hamborgara.
Mfl. Víkings Ólafsvíkur tekur á móti Sindra í
mikilvægum deildarleik kl. 14:00.

Gleðilega hátíð, kærur íbúar!